

Annar stjórnarfundur Félags um menntarannsóknir
haldinn í húsnæði RKHÍ 13. júní 2002 kl. 16

Mættir: Allyson Macdonald, RKHÍ, Kristín Aðalsteinsdóttir, H.A., Gretar L. Marinósson, K.H.Í., Inga Þórunn Halldórsdóttir, meistaranemi K.H.Í., Júlíus K. Björnsson og Guðrún Geirsdóttir, H.Í. Forföll boðuðu Guðrún Ebba Skúladóttir og Börkur Hansen.

1. Fundargerð stofnfundar og fyrsta stjórnarfundar lagðar fram til umræðu. leiðréttar og samþykktar.
2. Viðbótarupplýsingar vegna fundargerðar. Allyson gerði grein fyrir því að stofnuð hefur verið undirbúningsnefnd vegna NERA/NFPF ráðstefnunnar vorið 2004. Fulltrúi FUM í undirbúningsnefndinni er Guðrún Geirsdóttir.
3. Skýrsla formanns:
 - a. Stóð til að halda fund 14. maí en þeim fundi var frestað til dagsins í dag.
 - b. Búið er að búa til félagaskrá og tók Júlíus við henni. Hann mun sjá um að útvega félaginu kennitölu og koma árgjaldi í innheimtu.
 - c. Heimasíða hefur verið uppfærð.
4. Merki félagsins:

Umræða var um merki félagsins, lit, hönnun bréfséfnis og heiti félagsins á enskri tungu. Allyson falið að ræða við Nönnu Reykdal um niðurstöður.
5. Heimasíða:

Rætt hafði verið við Manfred Lemke um gerð heimasíðu en hann komst ekki á fundinn og verður erlendis næsta haust. Ákveðið að hafa heimasíðugerðina sem einfaldasta svo að stjórnarmenn geti sjálfir séð um að uppfæra hana. Ákveðið að Júlíus hýsti vefsíðuna og Allyson og honum falið að færa heimasíðuna á nýjan stað. Umræður um hvað á heima á vefsíðunni.
6. Verkefni á haustmisseri:

Ákveðið að helstu verkefni haustsins væru gerð heimasíðu, að ganga frá merki félagsins, senda út greiðsluseðla á árgjöld og útbúa póstlista fyrir félagi.

Þá var rætt um næstu faglegu verkefni félagsins. Allyson minnti á að Rannsóknarþing K.H.Í. verður haldið 4. og 5. október næstkomandi og hefur stjórn hug á að félagið verði með málstofu í tengslum við þingið. Rætt var um málstofuefni og ákveðið að beina sjónum að stöðu íslenskra rannsókna. Allyson bar undir stjórnarmenn minnisblað til Rannsóknarráðs Íslands og menntamálaráðuneytis þar sem farið er fram á stuðning vegna úttektar á stöðu rannsókna í þágu menntamála. Ekki hafa borist formleg viðbrögð við minnisblaðinu en í fylgiskjali með því eru eftirfarandi spurningar settar fram:

1. What is the range and quality of educational research in Iceland?

2. What is the relevance and value to policy and practice?

Stjórnin telur þessar spurningar góðar umræðuspurningar á málstofu þann 4. október. Ákveðið að stjórnarmenn legðu höfuð í bleyti um hverja ætti helst að kalla til leiks til að varpa ljósi á ofangreindar spurningar og þurfa hugmyndir að dagskrá að liggja fyrir í vikunni 5. - 9. ágúst svo að hægt sé að bera þær upp á fundi undirbúningsnefndar Rannsóknarþings 13. ágúst. Tóku allir stjórnarmenn að sér að hugleiða og skrifast á um hugmyndir sínar.

Þá gerði Allyson grein fyrir því að um mánaðarmótin október/nóvember yrðu s.k. Vísindadagar haldnir á Íslandi og er gert ráð fyrir fjölbreyttri dagskrá. Hugmyndir um framlag þurfa að liggja fyrir 15. september. Athuga þarf hvort efni á málstofu á erindi á þessa dagskrá.

7. Önnur mál voru engin

8. Næsti fundur ákveðinn 22. ágúst 2002 kl. 16

Guðrún Geirsdóttir